

Endanlegir skilmálar

OR090546

gefnir út af Orkuveitu Reykjavíkur

í samræmi við 50.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar
dagsettan 8. nóvember 2016

6. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 12. apríl 2017

Gengi við frumsölu verðbréfanna: 98,0111

(„verðbréfin“ eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 45. grein laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 8. nóvember 2016 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 50.000.000.000 kr. útgáfuramma Orkuveitu Reykjavíkur.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, www.or.is/um-or/fjarmal. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu verðbréfanna er að finna í hluta III í endanlegum skilmálum þessum.

Hluti I: Skilmálar

Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur

Heimilisfang: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík, Ísland

Kennitala: 551298-3029 Sími: +354 516 6100 Vefsíða: www.or.is

Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Verðbréfin eru gefin út í íslenskri krónu. Gefin eru nú út verðbréf að nafnverði 2.020.000.000 kr. en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta verðbréf að nafnverði 6.511.724.833 kr. í sama flokki. Er heildarheimild til útgáfu verðbréfa í þessum flokki opin og útgefanda því heimilt að stækka flokkinn án þess að leita samþykkis frá eigendum skuldabréfanna, en útgáfa nýrra skuldabréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma. Verðbréfin eru gefin út í einingum sem hver er 1 kr. að nafnverði.

Ákvæði verðbréfanna sem vísa til skuldabréfanna, skuldabréfaflokksins og eigenda þeirra skulu taka til allra verðbréfa í flokknum OR090546 sem eru útstandandi á hverjum tíma og í eigu annarra en útgefanda eða aðila innan samstæðu útgefanda.

Útgáfuform

Verðbréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi, sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa („verðbréfamíðstöð“). Útgefandi afhendir frumkaupendum verðbréfin rafrænt í kerfi verðbréfamíðstöðvarinnar gegn staðgreiðslu skv. greiðslufyrirmælum frumsöluaðila. Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá verðbréfamíðstöð þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamíðstöðina og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda. Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit verðbréfamíðstöðvar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Réttindi að rafréfum skal skrá í verðbréfamíðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum skv. rafréfi. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamíðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamíðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamíðstöð.

Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamíðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum verðbréfaflokks. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamíðstöð ef greiðslufall verður á floknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamíðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram. Verðbréfin verða afskráð úr kerfum verðbréfamíðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.

Upplýsingar um eigendur verðbréfanna

Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur verðbréfanna á hverjum tíma frá verðbréfamíðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem verðbréfin eru geymd á vörslureikningum.

Greiðsluform

Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamíðstöðvar greiða á hverjum gjalddaga af skuldabréfunum höfuðstól og vexti og verðbætur, samkvæmt skilmálum verðbréfanna, til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur verðbréfanna hafa falið vörslu á verðbréfum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign hvers verðbréfaeiganda einum degi fyrir viðkomandi gjalddaga.

Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem verðbréfin eru í vörslu. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum, þar með talið á afborgunum, vöxtum og verðbótum.

Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun verðbréfaeiganda hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til þess dags er greiðslu er vitjað.

Verðtrygging

Skuld skv. skuldabréfunum er bundin vísitölu neysliverðs sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995 („verðtryggingarvísitalan“) með grunnvísitölugildið 433,04 þann 9. maí 2016. Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitölunni frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.

Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis verðtryggingarvísitölunnar („dagvísitölu“) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði þar á eftir. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga í hlutfalli við breytingar á vísitölunni, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers dagvísitölugildis:

$$V_d^* = V_M + \frac{d}{D}(V_{M+1} - V_M)$$

Þar sem:

M = sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir

d = fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360

D = fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360

V_d^* = dagvísitala á vaxtagjalddaga

V_M = gildi verðtryggingarvísitölunnar í mánuði M

V_{M+1} = gildi verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði á eftir mánuði M

Vextir

Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðir útgefandi 3,1% fasta ársvexti. Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, innan 6 mánaða frá útgáfudegi skuldabréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði, þá hækka vextir skuldabréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um eitt prósentustig (100 punkta), eða í 4,1% fasta vexti á ári.

Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 9. nóvember 2016 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 9. maí 2046. Ef gjalddagi vaxta lendir á degi þar sem bankar eru almennt lokaðir á Íslandi færast greiðsla vaxta til næsta dags á eftir þar sem slíkt á ekki við.

Hvert vaxtatímabil skuldabréfanna skal vera 6 mánuðir. Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur einum degi fyrir fyrsta gjalddaga. Önnur vaxtatímabil hefjast á gjalddaga og lýkur þeim degi fyrir næsta gjalddaga á eftir.

Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30/360.

Endurgreiðsla höfuðstóls

Höfuðstóll verður endurgreiddur með jafngreiðsluaðferð (e. annuity) með 60 jöfnum greiðslum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga, í fyrsta sinn þann 9. nóvember 2016 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 9. maí 2046.

Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:

$$A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times (h \times IR)$$

Þar sem:

A = fjárhæð hversrar afborgunar höfuðstóls

h = höfuðstóll

$IR = \frac{\text{vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}}$

r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári)

n = heildarfjöldi afborgana

k = fjöldi greiddra afborgana + 1

Útgefanda er óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að endurgreiða höfuðstól verðbréfanna hraðar á líftíma verðbréfanna en samningsbundnar greiðslur skv. skilmálum verðbréfanna segja til um.

Kröfur jafnréttáar (e. pari passu)

Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skv. skuldabréfunum skulu ávallt standa jafnar innbyrðis. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeigenda í þeim flokki sem skilmálar þessir taka til, nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda sama flokks.

Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skv. skuldabréfunum skulu á hverjum tíma vera jafnréttáar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda (þar með töldum skuldbindingum er njóta ábyrgðar eigenda útgefanda), öðrum en vikjandi kröfum og skuldbindingum sem njóta lögmælt forgangs til greiðslu úr búi hans umfram aðrar ótryggðar skuldbindingar.

Ef útgefandi fyrirframgreiðir önnur lán, eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar, í heild eða hluta, sem upphaflega var veitt til lengri tíma en 5 ára, með öðrum hætti en með endurfjármögnun sem hefur lánstíma, sem svarar að minnsta kosti til þess lánstíma sem eftir var af lánstíma þess láns sem var fyrirframgreitt, þá er skuldabréfaeigendum heimilt (með þeim hætti sem hér að neðan er lýst) að krefjast fyrirframgreiðslu í sama hlutfalli og hin fyrirframgreidda skuld hafði, samanborið við heildarskuldir útgefanda.

Ef framangreint skilyrði til að krefjast fyrirframgreiðslu virkjust þá skal útgefandi án tafar upplýsa skuldabréfaeigendur um þær kringumstæður með tilkynningu sem birt skal fyrir milligöngu verðbréfamíðstöðvarinnar. Séu skuldabréfin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þá skal tilkynningin jafnframt birt opinberlega. Ef eigendur að lágmarki 5% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok næsta virka dags áður en óskin er lögð fram, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda) óska eftir því með sannanlegum hætti við útgefanda, innan 30 daga frá birtingu slíkrar tilkynningar, að eigendur skuldabréfanna fái slíka fyrirframgreiðslu þá skal útgefandi boða alla skuldabréfaeigendur til fundar með sama hætti og framangreind tilkynning skal send, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Réttur til fyrirframgreiðslu er háð því skilyrði að á þeim fundi hafi krafa um að fyrirframgreiðsla fari fram verið samþykkt af eigendum að lágmarki 66,67% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda). Útgefandi, eða þeir fulltrúar hans sem hann tilnefnir, skal hafa rétt til að sitja fundinn og tjá sig. Fyrirframgreiðsla til allra eigenda skuldabréfanna samkvæmt framangreindu skal ekki fara fram ef lögmætur fundur skuldabréfaeigenda hefur hafnað því að krefjast fyrirframgreiðslu skv. framansögðu. Við þær kringumstæður skulu hins vegar þeir skuldabréfaeigendur sem óskuðu eftir því við útgefanda með sannanlegum hætti innan tilskilins frests að fyrirframgreiðsla ætti sér stað, eiga rétt innan 30 daga frá fundinum á að krefjast hlutfallslegrar fyrirframgreiðslu þeirra skuldabréfa sem þeir áttu í lok þess dags sem boðað var til fundarins og eiga enn er fyrirframgreiðslan á sér stað.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði um jafnréttáar kröfur hefur útgefandi heimild til að kaupa á markaði skuldabréf útgefin af honum sjálfum án þess að krafa vakni til að hann kaupí skuldabréf af öðrum eigendum. Slík endurkaup eru þó ekki heimil ef heimild hefur stofnast til gjaldfellingar skuldabréfanna eða útgefanda má vera ljóst að skilmálar þeirra verði brotnir með þeim hætti að heimild stofnist til gjaldfellingar.

Bann við veitingu tryggingarréttinda

Útgefanda er óheimilt að veita veð eða önnur tryggingarréttindi eða á annan hátt heimila tilvist hvers konar tryggingarráðstafana sem varða einhvern þátt af núverandi eða tilvonandi starfsemi útgefanda, skuldbindingar hans eða eignir eða tekjur. Útgefandi skal að sama skapi tryggja að aðrir lögaðilar innan samstæðu hans geri slíkt hið sama, þó að undanskilinni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

Ekkert í framangreindri málsgrein skal teljast girða fyrir að eigendur útgefanda veiti nýjar ábyrgðir til einstakra lánardrottna útgefanda. Ekkert í framangreindri málsgrein skal teljast girða fyrir veitingu söluveðs eða annarra takmarkaðra eignarréttinda er varða grunneignarrétt að landi eða aðrar eignir, þá er þeirra eigna er aflað, enda hafi veiting slíkra takmarkaðra eignarréttinda eingöngu haft þann tilgang að veita veðtryggingu fyrir greiðslu kaupverðs slíkra eigna.

Löggjöf um útgáfuna

Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfum og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamíðstöð fyrnast á tíu árum frá gjalddaga sé fyrningu ekki slitið innan þess tíma skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, með þeirri undantekningu að kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum, skv. 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Ekki er lagt stimpilgjald á skuldabréfin við útgáfu þeirra.

Sérstök yfirlýsing

Útgefandi lýsir því yfir:

- A. að hann hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig skv. ákvæðum skuldabréfanna og uppfylla ákvæðin og að þau séu því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti;
- B. að ákvæði skuldabréfanna brjóti á dagsetningu þessara endanlegu skilmála ekki í bága við nokkurn samning sem útgefandi er aðili að;
- C. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála séu allar fjárhagslegar skuldbindingar hans í skilum og engar gjaldfellingarheimildir séu virkar gagnvart honum;
- D. að hann hefur á dagsetningu þessara endanlegu skilmála ekki vitneskju um neinn réttarágreining, áform eigenda útgefanda, eða þætti í viðskiptasambandi útgefanda við viðskiptavini eða birgja, sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar skv. ákvæðum skuldabréfanna;
- E. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála sé hann skv. hans bestu vitneskju ekki til skoðunar hjá eftirlitsaðila eða opinberum aðila vegna brots eða mögulegs brots eða vanefnda á starfsskyldum;
- F. að engar upplýsingar sem koma fram í þessum endanlegu skilmálum, eða öðru efni sem útgefandi hefur gefið út í tengslum við efni þeirra, eru rangar eða ófullnægjandi að því marki sem fjárfestum má vera upplýsingarnar ljósar sem ekki koma fram í birtu efni útgefanda;
- G. með vísan til ákvæða skuldabréfanna um bann við veitingu tryggingarréttinda, að engar brigður hafi á dagsetningu þessara endanlegu skilmála verið bornar á eignarrétt útgefanda eða aðila innan samstæðu hans að eignum þessara aðila sem máli skipta fyrir hæfi útgefanda til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum, og að í þeim tilvikum þar sem um takmarkaðan eignarrétt í formi veðtryggingar í slíkum eignum er að ræða, þá teljst sú takmörkun heimil samkvæmt undanþágu skilmála þessara fyrir veitingu veðréttinda í eignum útgefanda.

Vanefndir

Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfældri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.

Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfafloknum í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal skuldabréfaeigandi þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til verðbréfamíðstöðvarinnar og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem skuldabréfin eru til viðskipta.

Fyrir gjaldfallinni fjárhæð má eigandi nafnverðseininga í skuldabréfaflokki þessum, einnar einingar eða fleiri, gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar, skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Aðfararheimildin nær til útistandandi höfuðstóls skuldarinnar, verðbóta, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Sérstakar gjaldfellingarheimildir

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella alla eftirstandandi skuld skuldabréfanna eins og hún er hverju sinni ef eitt eða fleiri eftirfarandi tilfella á við:

- A. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, ef eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa.
- B. Ef önnur lán útgefanda eru gjaldfelld, eða ef gjaldfellingarheimild vaknar á önnur lán útgefanda, að því gefnu að um sé að ræða einstakar skuldbindingar eða samtölu að fjárhæð yfir 2.000.000.000 kr. Framangreind fjárhæð er bundin verðtryggingarvísitölunni, með sama grunnvísitölugildi og höfuðstóll skuldabréfanna á útgáfudegi, og breytist hún með sama hætti frá einum tíma til annars og höfuðstóll skuldabréfanna.
- C. Ef rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) er ekki jafn eða hærri en sem samsvarar höfuðstólsgreiðslum vaxtaberandi lána á sama tímabili auk nettó greiddra vaxtagjalda. Hlutfall þetta skal reiknast (i) við birtingu ársreiknings fyrir hvert undangengið fjárhagsár á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir árið 2016 og síðast fyrir árið 2045) og taka mið af samstæðureikningi útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við alþjóðlega viðurkennda reikningsskilastaðla og (ii) við birtingu fjárhagsáætlunar fyrir hvert næsta fjárhagsár framundan á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir árið 2018 og síðast fyrir árið 2046) og taka mið af fjárhagsáætlun samstæðu útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem staðfest er af stjórn útgefanda.
- D. Ef rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) er ekki að lágmarki tvöfalt hærri en sem samsvarar nettó vaxtagjöldum á sama tímabili. Hlutfall þetta skal reikna (i) við birtingu ársreiknings fyrir hvert undangengið fjárhagsár á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir árið 2016 og síðast fyrir árið 2045) og taka mið af samstæðureikningi útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við alþjóðlega viðurkennda reikningsskilastaðla og (ii) við birtingu fjárhagsáætlunar fyrir hvert næsta fjárhagsár framundan á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir árið 2018 og síðast fyrir árið 2046) og taka mið af fjárhagsáætlun samstæðu útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem staðfest er af stjórn útgefanda.
- E. Ef meiriháttar breytingar verða á eignarhaldi útgefanda þannig að útgefandi verður ekki að meirihluta í eigu íslenskra sveitarfélaga.
- F. Ef útgefandi missir í einni aðgerð eða fleirum sérleyfi og/eða veitusvæði sem standa að baki 35% eða hærri hlutfalli af rekstrartekjum samstæðu útgefanda miðað við samþykktan ársreikning hans fyrir næstliðið fjárhagsár áður en slíkur missir á sér stað.
- G. Ef breyting er gerð á tilgangi útgefanda eða meginstarfsemsamstæðu útgefanda frá því sem er á útgáfudegi, sem (að mati fjórðungs skuldabréfaeigenda miðað við kröfufjárhæðir þeirra) gæti veikt fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna.
- H. Ef brotið er gegn ákvæðum skuldabréfanna um að kröfur skuli jafn réttháar.
- I. Ef brotið er gegn ákvæðum skuldabréfanna um bann við veitingu tryggingarréttinda.
- J. Ef brotið er gegn ákvæðum sérstakrar yfirlýsingar útgefanda í þessum endanlegu skilmálum.
- K. Ef skuldabréfin hafa (i) ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði innan 6 mánaða frá útgáfu skuldabréfanna, eða (ii) eru tekin úr viðskiptum eftir að hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án þess að vera þess í stað tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

Ef framangreint skilyrði til gjaldfellingar er til staðar þá skal útgefandi án tafar upplýsa skuldabréfaeigendur með tilkynningu fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvarinnar og ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þá jafnframt með opinberri birtingu á tilkynningunni. Ef eigendur að lágmarki 5% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok næsta virka dags áður en óskin er lögð fram, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda) óska eftir því með sannanlegum hætti við útgefanda, innan 30 daga frá birtingu slíkrar tilkynningar, að gjaldfelling eigi sér stað þá skal útgefandi boða alla skuldabréfaeigendur til fundar með sama hætti og framangreind tilkynning skal send, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara.

Gjaldfellingarheimild skv. þessum kafla (Sérstakar gjaldfellingarheimildir) er háð því skilyrði að á framangreindum fundi skuldabréfaeigenda hafi gjaldfelling verið samþykkt af eigendum að lágmarki 25% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda). Útgefandi, eða þeir fulltrúar hans sem hann tilnefnir, skal hafa rétt til að sitja fundinn og tjá sig á slíkum fundi.

Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal afboða fundinn.

Skilmálabreyting

Breyting á skilmálum skuldabréfanna er háð samþykki útgefanda og því skilyrði að allir skuldabréfaeigendur hafi sannarlega verið boðaðir til fundar, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara, og að á þeim fundi hafi skilmálabreyting verið samþykkt af eigendum að lágmarki 66,67% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda). Samþykki útgefanda og eigenda að lágmarki 90% skuldabréfanna (reiknað með sama hætti) þarf þó til skilmálabreytingar skuldabréfanna sem felur í sér breytingu á gjaldmiðli eða fjárhæð útistandi höfuðstóls, ákvæði varðandi fyrirframgreiðslu, verðtryggingu eða vaxtakjör. Útgefandi skal boða slíkan fund og hafa þeir fulltrúar hans, sem hann tilnefnir, rétt til að sitja fundinn og tjá sig fyrir hans hönd á slíkum fundi. Ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þá skal útgefandi birta fundarboðið opinberlega.

Ágreiningsmál

Rísi dómsmál út af skuldabréfum þessum, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.

Skattaleg meðferð

Um skattalega meðferð verðbréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur verðbréfanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagns-tekna sinna af verðbréfunum.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Öll þegar útgefin verðbréf í flokknum IS0000026987 eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Útgefandi mun óska eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði 2.020.000.000 kr. verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	12. apríl 2017
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	<i>Á ekki við</i>
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fjárfestingabankasvið Arion banka hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð	
	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu verðbréfaflokksins.	
3.	Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Fjármögnunaráætlun til ársloka 2017.
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	1,8 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.978 m.kr.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	3,29%
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	<i>A ekki við</i>
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Vísitala neysluverðs, birt af Hagstofu Íslands á vefsíðu www.hagstofa.is .
6.	Heimild til útgáfu	
	Orkuveita Reykjavíkur getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 50 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Núgildandi útgáfuáætlun nemur allt að 16 milljörðum króna frá 24. október 2016 til ársloka 2017. Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 12. apríl 2017.	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000026987
	Auðkenni:	OR090546
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

10. apríl 2017



Ingvar Stefánsson

framkvæmdastjóri fjármála

Hluti III: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 809/2004, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, ásamt síðari reglugerðum, þ.m.t. reglugerð nr. 901/2013 sem innleiddi í íslenskan rétt reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 486/2012 og reglugerð 953/2014 sem innleiddi í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins nr. 759/2013, að því er varðar kröfur um upplýsingar um breytanleg og skiptanleg skuldabréf, er breyttu framangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka IV og V við reglugerðina. Númeraröð liðanna getur verið slitin þar sem ekki er heimild og krafa til birtingar ákveðinna liða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við ofangreinda viðauka. Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn lið þá er mögulegt að liðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á liðnum ásamt textanum „á ekki við“.

Inngangur og viðvaranir

Liður	Upplýsingaskylda	Upplýsingar
A.1	Fyrirvari	Samantekt þessa skal túlka sem inngang að grunnlýsingu dagsettri 8. nóvember 2016 ásamt endanlegum skilmálum dagsettu 10. apríl 2017, útgefnum af Orkuveitu Reykjavíkur („útgefandi“ eða „móðurfélag“), sem varða tiltekin skuldabréf og/eða vixla útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur sem gefa má út í samræmi við 50.000.000.000 kr. útgáfuramma. Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingu þessari gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir ihuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.
A.2	Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útbod	Á ekki við.

Útgefandi

Liður	Upplýsingaskylda	Upplýsingar
B.1	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda	Lögheiti útgefanda er Orkuveita Reykjavíkur. Viðskiptaheiti útgefanda er jafnframt OR.
B.2	Lögheimili og félagafarm útgefanda ásamt löggjöf sem útgefandi starfar eftir	Útgefandi er skráður á Íslandi með kennitölu 551298-3029 og lögheimili að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur.
B.4b	Þekkt þróun sem hefur áhrif á útgefanda og atvinnugrein	Planið, sameiginleg aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda hennar, var innleitt 2011 með það að markmiði að bæta sjóðstreymi fyrirtækisins. Í því fólust stórtækar breytingar í rekstri með aðhaldi, sölu eigna, lækkun

		fjárfestingarkostnaðar og leiðréttingu gjaldskráa. Fjárhagslegum markmiðum Plansins var náð um mitt árið 2015, einu og hálfu ári undan áætlun. Á liðnum árum hefur aðgengi Orkuveitu Reykjavíkur að erlendum fjármálastofnunum stóráukist, viðskiptakjör batnað og hefur fyrirtækið gert markvissa samninga um áhættuvarnir vegna vaxta, álverðs og gengis gjaldmiðla til allt að fimm ára.																																																																						
B.5	Samstæða og staða útgefanda innan samstæðu	Orkuveita Reykjavíkur er móðurfélag samstæðu útgefanda. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög þess sem öll eru að fullu í eigu móðurfélagsins. Helstu rekstrarfélög samstæðunnar, þar sem kjarnastarfsemi samstæðunnar fer fram, eru Orka náttúrunnar ohf. og Veitur ohf. sem móðurfélagið á í gegnum eignarhaldsfélagið OR eignir ohf., OR Vatns- og fráveita sf. og Gagnaveita Reykjavíkur ehf. Önnur dótturfélög eru Reykjavík Energy Invest ehf. (fjárfestingafyrirtæki) og Úlfjótsvatn frítímabyggð ehf. (undirbúningsfyrirtæki). Orkuveita Reykjavíkur telst eining innan samstæðu Reykjavíkurborgar.																																																																						
B.9	Afkomuspá eða -áætlun	Skv. fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og langtímaspá 2018-2022, sem samþykkt var af stjórn útgefanda 3. október 2016: Gangi spáforsendur eftir er gert ráð fyrir um 10,2 ma.kr. hagnaði 2016, um 9 ma.kr. árið 2017, um 8,5 ma.kr. 2018, en hann batni þá ár frá ári og verði um 16,7 ma.kr. 2022. Eiginfjárlutfall er skv. spá 39,2% í árslok 2016, 42,2% í lok 2017, 43,9% í árslok 2018, styrkist þá jafnt og þétt og verði 57,3% í árslok 2022. Óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru skv. útgönguspá 13,2 ma.kr. árið 2016, 14,3 ma.kr. 2017 og á árunum 2018-2022 eru fjárfestingar áætlaðar um 71 ma.kr.																																																																						
B.10	Fyrirvarar í áritun endurskoðanda	Áritun ársreikninga 2015 og 2014 voru án fyrirvara.																																																																						
B.12	Sögulegar fjárhagsupplýsingar og breytingar á fjárhagsstöðu, viðskiptastöðu eða framtíðarhorfum	Lykiltölur úr samstæðureikningum Orkuveitu Reykjavíkur : <table border="1"> <thead> <tr> <th>(m.kr.)</th> <th>6m2016</th> <th>6m2015</th> <th>2015</th> <th>2014</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Rekstrartekjur</td> <td>20.955</td> <td>20.479</td> <td>40.357</td> <td>38.526</td> </tr> <tr> <td>Rekstrarkostnaður</td> <td>-8.215</td> <td>-7.443</td> <td>-15.183</td> <td>-13.681</td> </tr> <tr> <td>EBITDA</td> <td>12.741</td> <td>13.036</td> <td>25.174</td> <td>24.845</td> </tr> <tr> <td>EBIT</td> <td>7.438</td> <td>8.237</td> <td>14.428</td> <td>15.693</td> </tr> <tr> <td>EBITDA framlegð</td> <td>60,8%</td> <td>63,7%</td> <td>62,4%</td> <td>64,5%</td> </tr> <tr> <td></td> <td>30.6.2016</td> <td></td> <td>31.12.2015</td> <td>31.12.2014</td> </tr> <tr> <td>Nettó vaxtaberandi skuldir</td> <td>150.173</td> <td></td> <td>159.006</td> <td>172.296</td> </tr> <tr> <td>Eigið fé</td> <td>116.892</td> <td></td> <td>114.771</td> <td>99.747</td> </tr> <tr> <td>Eigið fé án áhrifa innbyggðra afleiðna</td> <td>127.743</td> <td></td> <td>127.963</td> <td>102.775</td> </tr> <tr> <td>FFO vaxtaþekja (markmið>3.5)</td> <td>5,1</td> <td></td> <td>5,9</td> <td>5,1</td> </tr> <tr> <td>FFO / nettó skuldir (markmið>13%)</td> <td>14,8%</td> <td></td> <td>15,18%</td> <td>11,5%</td> </tr> <tr> <td>Veltufjárlutfall (markmið>1)</td> <td>0,9</td> <td></td> <td>0,8</td> <td>0,7</td> </tr> <tr> <td>Eiginfjárlutfall</td> <td>38,3%</td> <td></td> <td>36,9%</td> <td>33,2%</td> </tr> </tbody> </table> <p>Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda eða samstæðunnar frá dagsetningu síðustu birtu reikningsskila, árshluta-reikningi fyrir fyrstu sex mánuði 2016. Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda eða samstæðunnar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum, ársreikningi fyrir árið 2015.</p>	(m.kr.)	6m2016	6m2015	2015	2014	Rekstrartekjur	20.955	20.479	40.357	38.526	Rekstrarkostnaður	-8.215	-7.443	-15.183	-13.681	EBITDA	12.741	13.036	25.174	24.845	EBIT	7.438	8.237	14.428	15.693	EBITDA framlegð	60,8%	63,7%	62,4%	64,5%		30.6.2016		31.12.2015	31.12.2014	Nettó vaxtaberandi skuldir	150.173		159.006	172.296	Eigið fé	116.892		114.771	99.747	Eigið fé án áhrifa innbyggðra afleiðna	127.743		127.963	102.775	FFO vaxtaþekja (markmið>3.5)	5,1		5,9	5,1	FFO / nettó skuldir (markmið>13%)	14,8%		15,18%	11,5%	Veltufjárlutfall (markmið>1)	0,9		0,8	0,7	Eiginfjárlutfall	38,3%		36,9%	33,2%
(m.kr.)	6m2016	6m2015	2015	2014																																																																				
Rekstrartekjur	20.955	20.479	40.357	38.526																																																																				
Rekstrarkostnaður	-8.215	-7.443	-15.183	-13.681																																																																				
EBITDA	12.741	13.036	25.174	24.845																																																																				
EBIT	7.438	8.237	14.428	15.693																																																																				
EBITDA framlegð	60,8%	63,7%	62,4%	64,5%																																																																				
	30.6.2016		31.12.2015	31.12.2014																																																																				
Nettó vaxtaberandi skuldir	150.173		159.006	172.296																																																																				
Eigið fé	116.892		114.771	99.747																																																																				
Eigið fé án áhrifa innbyggðra afleiðna	127.743		127.963	102.775																																																																				
FFO vaxtaþekja (markmið>3.5)	5,1		5,9	5,1																																																																				
FFO / nettó skuldir (markmið>13%)	14,8%		15,18%	11,5%																																																																				
Veltufjárlutfall (markmið>1)	0,9		0,8	0,7																																																																				
Eiginfjárlutfall	38,3%		36,9%	33,2%																																																																				
B.13	Nýlegir atburðir sem skipta verulegu máli við mat á greiðslugetu	Á ekki við.																																																																						
B.14	Ef útgefandi er háður öðrum aðila innan samstæðu	Allur rekstur og þar með tekjumyndun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á sér stað í dótturfélögum sem útgefandi á að fullu.																																																																						
B.15	Helsta starfsemi	Tilgangur útgefanda, skv. reglugerð 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins, uppbygging og rekstur fráveitukerfa, ásamt hverri þeirri starfsemi																																																																						

		<p>annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármála- starfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni og er Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.</p> <p>Orkuveita Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur en þau sjá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Hefðbundin veituþjónusta nær til 22 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu og þjónustar um 75% íslensku þjóðarinnar. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur þrjár virkjanir, þ.e. jarðgufuvirkjanir á Nesjavöllum og Hellisheiði ásamt Andakílsá í Borgarfirði. Uppsett afl í varma og rafmagni þessara virkjana er samtals um 864 MW.</p>
B.16	Yfirráð	<p>Útgefandi er í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda.</p>
B.17	Lánshæfismat útgefanda eða verðbréfanna	<p>Moody's september 2016: Lánshæfiseinkunn útgefanda Ba2 með stöðugum horfum. Fitch Ratings, janúar 2016: Lánshæfiseinkunn útgefanda BB- með stöðugum horfum. Reitun, mars 2016: Lánshæfiseinkunn útgefanda i.AA3 með stöðugum horfum, einkunn nær einnig til flokkanna OR090524 og OR090546.</p>

Verðbréf

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
C.1	Tegund og flokkar verðbréfa sem boðin verða til sölu og/eða tekin til viðskipta í kauphöll	<p>Skuldabréf bundin vísitölu neysluverðs.</p> <p>Þann 12. apríl 2017 eru gefin út verðbréf (skuldabréf) fyrir 2.020.000.000 kr. en áður hafa verið gefin út verðbréf að fjárhæð 6.511.724.833 kr. í sama flokki. Er heildarheimild til útgáfu verðbréfa í þessum flokki opin. Verðbréfin eru gefin út í 1 kr. nafnverðseiningum.</p> <p>Verðbréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi („verðbréfamiðstöð“).</p> <p>ISIN númer: IS0000026987</p> <p>Auðkenni: OR090546</p>
C.2	Gjaldmiðill verðbréfanna	Verðbréfin eru gefin út í íslenskri krónu.
C.5	Takmarkanir á frjálssu framsali verðbréfanna	Engar hömlur eru á framsali verðbréfanna, en eingöngu er heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.
C.8	Réttindi sem fylgja verðbréfunum. þ.m.t. forgangsröðun og takmarkanir á réttindum	<p>Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skulu jafnrétt háar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem njóta lögmaelts forgangs.</p> <p>Komi til fyrirframgreiðslu annarra lána útgefanda er skuldabréfaeigendum heimilt við ákveðin skilyrði að krefjast fyrirframgreiðslu í sama hlutfalli.</p> <p>Útgefanda, og öðrum aðilum innan samstæðu hans öðrum en Gagnaveitu Reykjavíkur, er óheimilt að veita tryggingarréttindi.</p>

		Gjaldfellingar skuldabréfaflokksins, skv. heimildum í skilmálum hans, eru háðar samþykki að lágmarki 66,67% skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð. Til breytinga á skuldabréfaflokknum þarf samþykki útgefanda og að lágmarki 66,67 eða 90% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð, eftir eðli breytinganna. Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.
C.9	Vaxtakjör, gjalddagar og fyrirkomulag á niðurgreiðslu og upplýsingar um ávöxtun	Höfuðstóll verður endurgreiddur með 60 jöfnum greiðslum, á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 9. nóvember 2016 og allt fram til lokagjalddaga 9. maí 2046. Höfuðstóll er bundinn visitölu neysliverðs og miðuð við grunnvisitölugildið 433,04 þann 9. maí 2016. Útgefanda er óheimilt að umframgreiða verðbréfin á líftíma verðbréfanna. Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga, í fyrsta sinn þann 9. nóvember 2016. Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast 3,1% fastir ársvextir. Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30/360. Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti.
C.10	Upplýsingar um afleiðupátt verðbréfanna	Á ekki við.
C.11	Upplýsingar um hvort verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði / -mörkuðum	Óskað verður eftir að verðbréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku verðbréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

Áhættuþættir

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
D.2	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða sérstaklega útgefandann	<p>Áhættuþættir þeir sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda:</p> <p><i>Kjarnaáhætta</i>, sem fylgir kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur: Áhætta tengd hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu. Áhætta við orkuframleiðslu og -sölu. Samkeppni á kjarnasviðum.</p> <p><i>Fjárhagsleg áhætta</i>, sem skv. áhættustefnu skal vera stýrt: <i>Markaðsáhætta</i>, þ.e. áhrif markaðssveiflna (gengissveiflur, erlent og innlent vaxtastig, verðlagsþróun, vaxtaálag á álverð) á fjárhagslegan styrk útgefanda. <i>Lausaffjárahætta</i>, þ.e. geta útgefanda til að mæta skuldbindinum og gripa tækifæri, varðar rekstrarútgjöld, afborganir af lánum, fjárfestingar og samsetningu eignasafns. <i>Mótaðilaáhætta</i>, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á útgefanda, varðar stærð einstakra viðskiptavina, einsleita hópa viðskiptavina, innheimtuúrræði og endurheimtur.</p> <p><i>Rekstraráhætta</i>, sem skv. áhættustefnu skal draga úr: Áhrif áfalla og ófyrirséðs tjóns á fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur, varða bilanir í dreifi-, stjórn- eða eftirlitskerfum, mistök og svik, regluverk og lögsóknir, náttúrhamfarir og orðspor.</p>
D.3	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega	<i>Almenn áhætta verðbréfa</i> : Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum er áhættusöm og þrátt fyrir að standa framár í röð kröfuhafa en til að mynda eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa og víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í verðbréfunum, að heild eða hluta. Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu og ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm.

		<p><i>Endurgreiðsluáhætta:</i> Útgefandi gæti lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.</p> <p><i>Markaðsáhætta:</i> Verðmæti verðbréfanna getur rýrnað vegna breytinga á mörkuðum, m.a. á ávöxtunarkröfu. Seljanleikaáhætta felst í að fjárfestar geta mögulega ekki selt verðbréfin þegar vilji stendur til og á því verði sem þeir vænta. Þó verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með verðbréfin.</p> <p>Verðbólguáhætta verðtryggðra skuldabréfa felst í að breytingar á verðtryggingarvísitölu geta haft áhrif á virði skuldabréfanna.</p> <p>Vaxtaáhætta: Markaðsvirði verðbréfa með föstum vöxtum lækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu.</p> <p><i>Uppgjörsáhætta</i> í tengslum við verðbréfin felst í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.</p> <p>Fjárfestar standa frammi fyrir þeirri áhættu að óveðtryggðar kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda.</p> <p>Áhætta er fölgjin í að eigendur skuldabréfanna hafa ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sín ef gjaldfellingarheimild skuldabréfaeigenda virkjust skv. ákvæðum skuldabréfanna, heldur er gjaldfelling háð samþykki tilskilins hluta skuldabréfaeigenda.</p> <p>Breytingar á skilmálum eru háðar samþykki tilskilins hlutfalls verðbréfaeigenda, svo ekki er víst að breytingar sem eigandinn veitir samþykki sitt fyrir, nái fram að ganga.</p> <p><i>Lagaleg áhætta:</i> Lög sem gilda um verðbréfavíðskipti og útgáfu verðbréfanna kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda.</p>
--	--	--

Tilboð

<i>Liður</i>	<i>Upplýsingakrafa</i>	<i>Upplýsingar</i>
E.2b	<i>Astæður fyrir útböðinu og ráðstöfun söluandvirðis</i>	<i>A ekki við.</i>
E.3	<i>Skilmálar og skilyrði útböðsins</i>	<i>A ekki við.</i>
E.4	<i>Mögulegir hagsmunaráreksrar</i>	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.
E.7	<i>Kostnaður fjárfesta</i>	<i>A ekki við.</i>